

LÖG

um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 18. gr. a laganna kemur ný grein sem verður 18. gr. b, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja ákvæði um að matvælafyrirtæki geti merkt matvæli sem þau framleiða eða dreifa með viðurkenndri áherslumerkingu sem gefi til kynna að matvælin séu í samræmi við stefnu stjórnvalda um mannelldismarkmið, af miklum gæðum eða hafi önnur sameiginleg einkenni.

Í reglugerðinni skal kveðið á um gerð merkinga og hvaða kröfur eru gerðar fyrir notkun þeirra, í hvaða tilgangi heimilt sé að nota þær, gæðaviðmið, kröfur til framleiðslu og verkunar, hvernig eftirliti skuli háttað, ábyrgð matvælafyrirtækja, skráningu, kostnað við eftirlit og annað er varðar notkun þeirra.

Við undirbúning setningar reglugerðar skal ráðherra leita álits landlæknisembættisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 12. mars 2012.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.